

föstudagur, 2. apríl 2004

## Rauði kross Noregs axlar ábyrgð gagnvart spilafíkn

Mikil umræða hefur verið í **Noregi** að undanfögnu um skaðsemi spilakassa. Um þetta hefur **fréttaritari RÚV** meðal annars fjallað. Í hinu víðlesna blaði **Dagbladet** frá 8. mars eru fréttir af þessum málum. Þar segir frá ungri stúlku **Eiléen** að nafni, sem tapaði fimm milljónum (íslenskum) á hálfu ári. Eiléen hóf spilaferil sinn með því að setja tuttugu krónur í spilakassa fyrir tveimur árum. "Ég tók lán hvar sem ég gat", síðan leiddi eitt af öðru, "nú er ég svefnlaus, geng með svefnpillur í vasanum, búin að veðsetja allt sem ég á. Áður var ég jákvæð manneskja. Það er liðin tíð. Blekkingarnar hafa farið verst með mig."

Í blaðinu kemur fram að í þeim reglum, sem norsk stjórnvöld hyggjast setja eru reistar skorður við því hve "ágengir" kassarnir mega vera. Kassarnir tala nefnilega við spilarann og hvetja hann til að halda áfram. Í fréttinni í Dagbladet segir að björgunarsveitir og Rauði krossinn hagnist vel á spilakössum en með nýju fyrirkomulagi munu tekjur þessara aðila rýrna. "Árið 2003 þénuðum við um fimm milljarða (ísl) á spilakössum. Fyrirsjáanlegt er að þessi upphæð verði 2,2 milljarðar á næsta ári. Það þýðir tap upp á 2,8 milljarða. Engu að síður styðjum við þessar breytingar. Spilafíkn er orðin að alvarlegum heilsufarsvanda, sem við tökum alvarlega," segir **Bent Apeland**, ráðgjafi hjá **Rauða krossi** Noregs.

**TIL BAKA (/I-BRENNIDEPLI/2004/04)**

Líkar þetta 0 Deila Tweet

Í brennidepli (/i-brennidepli)

2002 (/i-brennidepli/2002)

2003 (/i-brennidepli/2003)

**2004 (/i-brennidepli/2004)**

Janúar (/i-brennidepli/2004/01)

Febrúar (/i-brennidepli/2004/02)

Mars (/i-brennidepli/2004/03)

Apríl (/i-brennidepli/2004/04)

## Fréttabréf


Fullt nafn

Netfang \*

**SKRÁ** [Afskrá \(/frettabref/afskra\)](/frettabref/afskra)

 [BRÉF TIL SÍÐUNNAR \(/BREF-TIL-SIDUNNAR\)](/BREF-TIL-SIDUNNAR)

 [RSS FRÉTTAVEITA \(/RSS\)](/RSS)

 [LEIT Á SÍÐUNNI \(/LEIT\)](/LEIT)